

Úrskurður 7/2017 : Tollflokkun á ökutæki

Kærandi flutti inn ökutæki af gerðinni Sportsman X2 570 EPS Tractor og fór þess á leit að ökutækið yrði flokkað í tollskrárnúmer 8701.2021. Byggði kærandi mál sitt á því að ökutækið væri framleitt sem traktor og skráð sem dráttarvél í ökutækjaskrá.

Niðurstaða

Tollstjóri vísaði til reglu sem til er komin frá Evrópusambandinu og var staðfest í úrskurði ríkistollanefndar nr. 9/2012. Reglan miðar við það að til þess að ökutæki teljist vera dráttarvél þurfi tækið að geta dregið tvöfalda eigin þyngd. Ökutæki kæranda uppfyllti ekki þetta skilyrði og var því tækið flokkað í tollskrárnúmer 8703.2111, sem ökutæki aðallega gert til mannflutninga.